

**Sp. 88. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]**

um rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa.

Flm.: Jónas Pétursson, Jónas G. Rafnar.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við vitamálastjóra fram fara rannsókn á hafnarstæðum við Héraðsflóa í þeim tilgangi að fá úr því skorið, hvort skilyrði til hafnargerðar séu þar fyrir hendi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, en varð ekki útrædd. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

„Inn af Héraðsflóa liggur eitt af stærstu samfelldu byggðarlögum landsins. Það mun almennt talið eitt hið nauðsynlegasta fyrir byggðarlögin að eiga greiðan aðgang að höfn. En nú er svo háttað, að við Héraðsflóa er engin höfn, og hefur þetta viðlenda hérað því orðið að hafa öll aðalviðskipti yfir fjallvegi. Hér verður enginn dómur á það lagður, hvort fært reynist að leysa hafnarmál Fljótsdalshéraðs við Héraðsflóann, en öll rök virðast hníga að því, að réttmætt sé og nauðsynlegt að rannsaka það mál til hlítar. Má benda t. d. á stað einn yzt í Jökulsárhlíð, sem nefndur er Múla-höfn. Aðstaða mun þar að vísu mjög erfið á landi. Einhverjar athuganir munu hafa farið fram á nefndu svæði, sem hafa ekki virzt gefa jákvæða niðurstöðu. En við teljum hér um svo mikilvægt mál að ræða, að eðlilegt og nauðsynlegt sé, að fullkomin rannsókn fari fram.“